

Heimastjórn Djúpavogs - 17 (1.9.2021) - Aðbúnaður gangandi vegfarenda á Djúpavogi

Málsnúmer : 202108121
Málsaðili : Múlaping
Niðurstaða (stutt) : Í vinnslu
Fundardagur : 01.09.2021

Inngangur : Gera þarf átak í aðbúnaði gangandi vegfarenda á Djúpavogi. Öryggi gangandi vegfarenda er víða ábótavant.
Niðurstaða : Víða þarf að bæta aðbúnað gangandi vegfarenda í þéttbýlinu á Djúpavogi.

Meðfram ströndinni milli Gleðivíkur og Djúpavogs er engin gangstétt eða göngustígur og þar er mikil umferð gangandi vegfarenda.

Skoða þarf úrbætur á þessu sem allra fyrst til að tryggja öryggi og koma í veg fyrir óhöpp.

Einnig þarf að skoða tengingar milli hverfa, bæði lagfæringar á núverandi stígum og lagningu nýrra stíga sem og stígum um Búlandsnesið utan þéttbýlis.

Gera þarf ráð fyrir fjármunum á fjárhagsáætlun næsta árs fyrir því allra brýnasta og gera áætlun á uppbyggingu þessara mannvirkja inn í framtíðina.